

Ed.

567. Frumvarp

til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum far-

angri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörotoll, svo og reikninga um fólksflutninga-bifreiðar, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 10% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

- A. Með 20% stimplast eftirtaldar vörur: Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Jólatrijesskraut. Kaffibætisefni. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Plettvörur. Silki og silkivarningur. Silkihattar. Silki-skór og flosskór. Skrautfjaðrir. Sóhlifar. Veggmyndir.
- B. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina: Asbestþráður, Áttavitar. Ávextir, nýir. Baðmullartvinni. Bambus. Bast. Bifreiða- og hjól-hestadekk og slöngur. Bládgull til gyllingar. Blautsápa. Boltar og rær. Botnvörpur. Botnvörpugarn. Brennisteinssýrur. Bronze. Burstar og sópar. Bæs. Dynamit. Dælur. Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu. Efni til bókbands. Eldavjela- og ofnhlutar. Flöskumiðar og tappar. Garn allskonar. Ger. Gerduft. Gibslistar. Gleraugu. Glóðarlampar. Gluggajárn. Grænmeti, nýtt. Gúmmihælar og sólar. Hagldabrauð og tvi-bökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólhafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhandföng. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Hvitmálmur. Karbolín. Kátsjúk (óunnið). Keðjulásar. Kensluáhöld. Kitti. Kolsýra. Kon-densatorþráður. Kopar. Koparrör. Lamir. Lampaglös. Lampakveikir. Lásar. Látún. Leður og skinn (sútað). Leðurliking. Ljósker. Loftthamar. Loft-skeytatæki. Lyfjavörur. Lyklar og skrár. Læknistæki. Lökk. Máln-ing. Meðalalýsi. Mottur til umbúða. Myndamót. Nauðsynjar við listmáln-ingu. Nálar. Niðursoðin mjólk. Oliuhanar. Oliulampar. Ostahleypir. Pakka-litir. Pottar. Prentletur. Prentsverta. Þrjónar. Þrjónavjelar. Þönnur. Raf-magnstæki og mælar. Ratin. Reikningsspjöld. Reikningsvjelar. Ritvjelar. Fjölrítar. Talningavjelar. Röntgentæki. Sáraumbúðir. Saumavjelar. Segl-garn. Sildarkrydd. Sink. Skipsbrauð. Skotfæri. Skólanauðsynjar. Skrið-mælar. Skritbækur. Skrúfur. Smíðatól. Smjörliki. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Svinafeiti. Terpentina. Talsíma- og ritsímataeki. Trjelím. Trje-skór og klossar. Tvinni. Ullarkambar. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum, sem undanþegin eru verðtolti. Vatnshamar. Vaxdúkar. Vefjar-skeiðar. Veggalmánök. Veggfóður. Viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmi. Viðboðstæki. Vír úr járn og kopar. Vitatæki og ljósmerkjataeki, og efni til þeirra. Vjelaeinangrunarefni. Vjelareimar. Vjelavaselin. Vjelapjetting-ar. Vogir og lóð. Vörpukeðjur. Purkefni. Þvottaefni.

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnisvörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar, svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fulln-
aðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927 og gilda til 1. jan. 1929.